

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/6 2022
Málsnr:	2202522
Bréfal:	253.5

Hafnarfirði 20. júní 2022

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir



Skátafélagið Hraunbúar hafa átt og rekið skátaskálann Hverahlíð við Kleifarvatn síðan 1946 og hefur skálinn spilað lykilhlutverk í uppbyggingu skátastarfs í Hafnarfirði síðan. Nokkrum sinnum hefur skálinn undirgengið viðgerðir, viðhald og endurbætur og hafa stjórnir Hraunbúa lagt mikið kapp á að halda skálanum í góðu standi til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu skátastarfs og útlífs í Hafnarfirði. Einnig hafa önnur skátafélög og björgunarsveitir hvaðan af landinu nýtt sér skálann til ferðalaga og námskeiða í náttúrunni umhverfis skálann og Krýsuvík.

Nú stendur til að byggja nýjan skála í stað gömlu Hverahlíðar á sama stað og gamli skálinn. Til að auðvelda framkvæmdir, bæði niðurrif og uppbyggingu væri mjög gott að hafa rafmagn á svæðinu, það er bæði umhverfisvænna heldur en rekstur rafstöðva og hluti af stóru framkvæmdinni enda þarf rafmagn í nútíma rekstur á húsi af þessari stærðargráðu.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun frá HS Veitum sem hljóðar upp á 13.068.000 kr. +vsk. Innifalið í því verði er spennistöð við Krýsuvíkurveg, strengur plægður frá spennistöð að lóð og götuskápur á lóð.

Við óskum því eftir aðstoð Hafnarfjarðarbæjar við að koma rafmagni á lóð félagsins. Þessi framkvæmd yrði hluti stóra verkefninu, bygging nýs skála, og verður þá talin með í þeirri kostnaðaráætlun.

Bestu kveðjur fyrir hönd Hraunbúa

Bjarni Freyr Þórðarson
Félagsforingi